

FRÉTTABRÉF

Verkalýðsfélags Akraness

Desember 2015

Netfang: vlfa@vlfa.is • Heimasíða www.vlfa.is



SALEK - skerðir samningsfrelsi

Stjórn og trúnaðarráð Verkalýðsfélags Akraness hefur höfðað mál fyrir Félagsdómi vegna hins svokallaða SALEK-samkomulags þar sem þess er krafist að viðurkennt verði að ákvæði samkomulagsins séu ólögmat og óskuldbindandi við gerð kjarasamninga.

Í gegnum tíðina hafa ýmsar tilraunir verið gerðar til að koma á samræmdri launastefnu hér á landi og víða virðist fólk hafa látið hana yfir sig ganga, til dæmis í kjarasamningum 2011 og 2013. SALEK-samkomulagið er sérlega ósvífin tilraun til þvinga vinnuarkaðinn inn í samræmda launastefnu þar sem ekki má taka tillit til sterkra stöðu útflutningsfyrirtækja til dæmis í ferðaþjónustunni, svo ekki sé talað um í sjávarútveginum þar sem hagnaðurinn hefur verið ævintýrlegur síðustu ár.

Samninganefndir þar sem starfa á vegum Verkalýðsfélags Akraness hafa ætíð talið sig óskuldbundnar þessum rammisamkomulögum og haldið fast í sitt sjálfstæða samningsfrelsi sem kveðið er á um í lögum um stéttarfélög og vinnudeilur. Hefði það ekki verið gert til dæmis í kjarasamningum við stóriðjufyrirtækin á Grundartanga væru árslaun starfsmanna þeirra um einni milljón krónum lægri á ári en þau eru í dag. Þetta eru engar smáræðis


upphæðir sem þarna er um að ræða og skiptir ekki bara starfsmennina máli heldur hefur þetta líka áhrif á tekjur sveitarfélaganna þar sem þessir starfsmenn greiða útsvar.

Formaður VLFA er ekki í neinum vafa um að hér er um að ræða eitt mesta hagsmunamál sem íslenskt launafólk hefur staðið frammi fyrir, hagsmunamál sem lýtur að því að koma í veg fyrir að þetta svokallaða SALEK-samkomulag verði að veruleika. Ástæðan er einföld, samningsfrelsi stéttarfélaganna og launafólks er hornsteinn stéttarfélagssbaráttunnar.

Verði SALEK-samkomulagið að veruleika verður sett á laggirnar svokallað þjóðhagsráð sem mun ákvarða allar launabreytingar og verður stéttarfélagunum gert skylt að semja innan þess svigrúms sem þjóðhagsráð ákvarðar á hverjum tíma fyrir sig. Þetta þýðir til dæmis að ef umrætt samkomulag verður að veruleika mun sá ágæti árangur sem náðst hefur í kjarasamningsgerð VLFA á undanförunum árum ekki geta haldið áfram. Þetta mun ekki aðeins bitna á starfsmönnum, heldur einnig bitna illilega á verslun, þjónustu og þeim byggðarlögum sem umræddir starfsmenn starfa hjá, svo ekki sé talað um minnkandi útsvarstekjur sveitarfélaganna sem eiga starfsmenn sem starfa hjá stóriðjunum á Grundartanga og öðrum sterkum útflutningsfyrirtækjum.

Verkalýðsfélag Akraness

óskar félagsmönnum og öðrum bæjarbúum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári



Skrifstofa félagsins

Skrifstofa Verkalýðsfélags Akraness er að Sunnubraut 13. Opíð er alla virka daga frá kl. 08:00 - 16:00. Utan afgreiðslutíma er hægt að ná í formann félagsins, Vilhjálmmur Birgisson, í síma 8651294.

Starfsmenn skrifstofu

Vilhjálmur Birgisson
formaður
vilhjalmur@vlfa.is • 4309902

Björg Bjarnadóttir
skrifstofustjóri
bjorg@vlfa.is • 4309906

Dagbjört Guðmundsdóttir
skrifstofufulltrúi
dagbjort@vlfa.is • 4309903

Inga Maren Ágústsdóttir
skrifstofufulltrúi
inga@vlfa.is • 4309905

Elín Th. Reynisdóttir
starfsendurhæfingarráðgjafi
elin@vlfa.is • 4309904

Kristín Björg Jónsdóttir
starfsendurhæfingarráðgjafi
kristin@vlfa.is • 4309907

Fréttabréf Verkalýðsfélags Akraness

Nr. 19 • 11. árgangur • desember 2015

Útgefandi: Verkalýðsfélag Akraness
Sími: 4309900 Fax: 4309901

Netfang: skrifstofa@vlfa.is

Ábyrgðarmaður: Vilhjálmmur Birgisson

Umsjón: Björg Bjarnadóttir og

Dagbjört Guðmundsdóttir

Prentun: Prentmet Vesturlands

Frá formanni

Við Akurnesingar erum afar meðvitaðir um þá gríðarlega miklu þýðingu sem stóriðjufyrirtækin á Grundartanga hafa fyrir samfélagið okkar. Því veit ég það fyrir vísu að mörgum starfsmönnum sem starfa í þessum mikilvæga iðnaði sviður að heyra ábyrgt fólk í íslensku samfélagi segja setningar eins og „það á bara að loka þessu drasli því þetta skilar þjóðarþúinu ekki neinu“ og „þessi stóriðjufyrirtæki borga enga skatta og fá orkuna gefins“ og annað í þessum neikvæða dúr. Fæst af því sem sagt er á þennan hátt á við nein rök að styðjast en þessi neikvæða umræða sem nokkuð fámennur hópur í íslensku samfélagi stundar hefur gert það að verkum að það er orðið meitlað í þjóðarvitund almennings að þessi starfsemi skili engu til samfélagsins.



Vilhjálmur Birgisson,
formaður VLFA

Sannleikurinn er hinsvegar sá að samanlagt eru útflutningstekjur Norðuráls og Elkem á Grundartanga 100 milljarðar á ári. Fyrirtækin greiða um 20 milljarða fyrir raforku, um 8 milljarða í laun og launatengd gjöld, Norðurál greiddi 2,1 milljarð í tekjuskatt á síðasta ári og Elkem Ísland 300 milljónir. Fyrirtækin borga einnig um 300 milljónir í fasteignagjöld, greiðslur til Faxaflóahafna eru hundruð milljóna og Landsnet fær milljarða í flutningstekjur. Svona mætti lengi telja áfram. Það er því sorglegt að hlusta á þá niðurriffsstarfsemi sem þessi fyrirtæki þurfa að þola og þetta er einnig ósanngjarnt og óréttlátt gagnvart því góða fólk sem starfar í þessum verksmiðjum og er að skapa allar þessar útflutningstekjur.

Nú eru hinsvegar blíkur á lofti varðandi starfsemi þessara fyrirtækja vegna þess að raforkusamningar bæði Norðuráls og Elkem renna út árið 2019 og Landsvirkjun er að krefja þessi fyrirtæki núna um að greiða langtum hærra verð en gengur og gerist í Skandinavíu og Evrópu. Þetta mun ógna tilvist þessara fyrirtækja verulega því samkvæmt heimasíðu Landsvirkjunar er verð sem fyrirtækið býður nú upp á 43 dollarar fyrir hverja MWst. en í Skandinavíu er raforkuverðið komið niður í 20 dollara.

Það sér það hver viti borinn maður að þegar fyrirtæki eins og Elkem sem einnig er með höfuðstöðvar í Noregi mun geta fengið raforku sem er 112% ódýrari en hér á landi þá liggur fyrir að móðurfélagið velur eðlilega að hafa starfsemi sína í því landi þar sem rekstrarskilyrðin eru betri. Þetta á einnig við um Norðurál enda er raforkuverð út um allan heim að lækka verulega en hér á landi er rekin einhver ótrúleg stefna hjá Landsvirkjun sem er ekki í neinum takti við það sem er að gerast erlendis.

Því er mikilvægt að við Akurnesingar séum vel meðvitaðir um að atvinnuöryggi á Grundartanga getur verið í húfi ef fyrirtækjunum tekst ekki að fá samkeppnishæf rekstrarskilyrði eins og gerist í þeim löndum sem við erum að bera okkur saman við. Á þessari forsendu verðum við að tryggja atvinnuöryggi okkar fólks með öllum tiltækum ráðum.

Kæru félagsmenn nær og fjær, megið þið eiga gleðileg jól.

Vilhjálmur Birgisson,
formaður Verkalýðsfélags Akraness

Félagsskírteini



Um áramótin mun félagsmönnum berast félagsskírteini frá VLFA. Kortinu ber að framvísa þegar nýta á afsláttar- og sérkjör hjá samstarfsaðilum Verkalýðsfélags Akraness. Undantekning eru sérkjör hjá Olís, Orkunni og N1, þar þarf að sækja um sérstakt viðskiptakort eða lykil. Þessi sérkjör eru kynnt betur á bls. 7.

Lögfræðipjónusta

Á árinu gerði félagið samning við Málflutningsstofu Reykjavíkur um lögfræðipjónustu fyrir félagið. Stofan veitir alhliða lögmannspjónustu og hjá henni starfa sex lögmennt, þar af þrjú hæstaréttarlögmennt. Samningurinn felur það í sér að félagsmenn geta leitað til stofunnar með fyrirspurnir og fyrstu skref í málum, án greiðslu.

Félagsmenn geta þannig leitað til stofunnar símleiðis og einnig fengið fund með lögmanni án þess að greiða fyrir. Ef mál útheimta meiri vinnu en hægt er að veita á 1-2 klst. er gjald tekið fyrir þá vinnu sem umfram er en félagsmenn Verkalýðsfélagsins njóta þá verulegs afsláttar frá gjaldskrá.

Frá því að samstarfið hófst hafa félagsmenn leitað til Málflutningsstofunnar með ýmis konar mál, t.d. skilnaðarmál, forsjármál, deilur vegna fasteigna- og húsaleigusamninga, uppgjör gengistryggðra bíla- og húsnæðislána, lífeyrisréttinda, vinnuslysa o.fl.

MÁLFLUTNINGSSTOFA REYKJAVÍKUR
REYKJAVÍK LEGAL

Vissir þú að...

...trúnaðarmaður skal vera á hverjum vinnustað þar sem starfa fleiri en 5 manns. Séu starfsmenn fleiri en 50 eiga trúnaðarmennirnir að vera tveir. Er trúnaðarmaður á þínum vinnustað?

Desemberuppþót

Verkalýðsfélag Akraness hvetur félagsmenn til að fylgjast vel með því að desemberuppþót skili sér rétt. Desemberuppþót skal greiða eigi síðar en 15. desember ár hvert miðað við starfshlutfall og starfstíma, öllum starfsmönnum sem verið hafa samfelt í starfi í 12 vikur á síðustu 12 mánuðum eða eru í starfi fyrstu viku í desember (Tímabil getur verið misjafnt eftir kjarasamningum).

Upphæð desemberuppþótar er mismunandi eftir kjarasamningum. Helstu upphæðir eru:

• Almennur vinnumarkaður	kr. 78.000,-
• Samiðn	kr. 78.000,-
• Ríkið	kr. 78.000,-
• Elkem og Klafi	kr. 170.864,-
• Norðurál	kr. 176.970,-

Trúnaðarmannanámsskeið



Trúnaðarmenn VLFA að loknu vel heppnuðu námskeiði

Nú í nóvember sátu 10 trúnaðarmenn Verkalýðsfélags Akraness tveggja daga trúnaðarmannanámsskeið í boði félagsins. Um var að ræða fjórða og síðasta þrep fyrri hluta þessa náms, en áður hafa verið kennd fyrri þrep.

Hópurinn er sérlega virkur og áhugasamur og verður því annað námskeið haldið í mars 2016. Þeir trúnaðarmenn sem sátu síðasta námskeið hafa þegar verið skráðir á það námskeið, en öðrum áhugasömum er bent á að hafa samband við skrifstofu félagsins og skrá sig.

Að ósk trúnaðarmanna sem sátu námskeiðið hefur nú verið stofnaður lokaður Facebook-hópur fyrir trúnaðarmenn Verkalýðsfélags Akraness þar sem þeir geta treyst böndin sín á milli, rætt álitamál og fengið upplýsingar frá félaginu varðandi störf þeirra. Trúnaðarmenn hafa alltaf greiðan aðgang að starfsfólki félagsins og aðstöðu, og er það von félagsins að þessi hópur verði til þess að bæta sambandið enn frekar. Trúnaðarmenn VLFA geta haft samband við félagið og óskað eftir inngöngu í hópin.

Veiðikortið



Veiðikortið 2016 er komið í sölu á skrifstofu Verkalýðsfélags Akraness, í tæka tíð svo hægt sé að lauma einu slíku í jólapakka veiðimanna. Það er Orlofssjóður VLFA sem niðurgreiðir kortið um 50% og geta félagsmenn keypt það á kr. 3.500 auk þess sem einn orlofspunktur er dreginn af félagsmanni við kaupin.

Vissir þú að...

... ef þú ert á vinnumarkaði og stundar nám samhliða vinnu eða ferð á námskeið getur þú átt rétt á styrk frá þínu stéttarfélagi vegna skólagjalda og jafnvel vegna ferðakostnaðar?

Fosshótel



Á skrifstofu Verkalýðsfélags Akraness geta félagsmenn keypt gistimiða á Fosshótel. Fosshótel er keðja 9 hótela um allt land og eru þrjú þeirra staðsett í Reykjavík: Fosshótel Lind á Rauðarárstíg, Fosshótel Barón á Barónsstíg og Fosshótel Reykjavík við Höfðatorg.

Gistimiðinn kostar kr. 6.500 (til 31.12.2015) og einn orlofspunktur og gildir fyrir tveggja manna uppabúið herbergi með baði og morgunmat á vetrartíma (athugið samt að 7.000 kr. aukagjald er greitt á Fosshótel Reykjavík). Á sumrin þarf að greiða tvo miða. Félagsmenn bóka sjálfir gistinguna og taka fram að greitt verði með gistimiða sem þeir síðan kaupa á skrifstofu VLFA. Miðað er við að hver félagsmaður geti að hámarki keypt fimm gistimiða á ári.

Myndir úr dagsferð



Orkuweita Reykjavíkur



Starfsmenn félagsins: Dagbjört, Vilhjálmur og Björg



Félagar rabba saman við Kleifarvatn



Seltún



Matur snæddur í Duus-húsi



Duus-húsi

Ferð „eldri deildar“ VLFA

Fimmtudaginn 2. september síðastliðinn héldu eldri félagsmenn Verkalýðsfélags Akraness ásamt mökum í sína árlegu dagsferð á vegum félagsins.

Dagsferðir félagsmanna 70 ára og eldri hafa verið fastur liður í starfsemi félagsins um árabil. Eins og oft áður var hinn kunnir Björn Ingi Finsen fenginn til að veita hópnum leiðsögn og tókst afar vel til, eins og hans er vandi.

Lagt var af stað frá Akranesi snemma morguns í tveimur rútum áleiðis til Reykjavíkur þar sem fyrsti viðkomustaður var hjá Orkuveitu Reykjavíkur við Bæjarháls, en eins og flestir vita er Orkuveita Reykjavíkur sameign okkar Skagamanna, Reykjavíkurborgar og Borgarbyggðar. Hjá Orkuveitu Reykjavíkur fékk hópinn höfðinglegar móttökur, Gissur Þór Ágústsson svæðisstjóri kynnti starfsemi fyrirtækisins í máli og myndum og var hópnum boðið upp á kaffi og kleinur að lokinni kynningu.

Frá Bæjarhálsi lá leið hópsins hjá Hádegismóum, meðfram Rauðavatni og yfir Víðidal þar sem beygt var til suðurs og ekið í gegnum nýleg íbúahverfi sem kennd eru við Vatnsenda og kölluð Hvörf og Kórar. Ekið var vestan við Elliðavatn og Vífilstaðavatn og þaðan á Kaldárselsveg, leið sem fékk nafnið „Flóttamannaleið“ þegar breska herliðið lagði veginn árið 1941. Upphaflega kom nafngiftin til af því að ljóst þótti að Bretar lögðu þennan veg til að eiga skjóta undankomuleið færi svo að Þjóðverjar létu sjá sig hér á landi. Leiðin er afar fögur og höfðu margir orð á því að hafa aldrei áður ekið þessa leið, þótt hún liggir rétt við byggðir höfuðborgarsvæðisins. Áfram var ekið hjá Hvaleyrarvatni, eftir Krýsuvíkurvegi hjá Kleifarvatni og að Krýsuvík þar sem áð var stutta stund við hið litríka hverasvæði í Seltúni.



Vilhjálmur Birgisson ávarpar hópinn í rútinum



Kaffitími á Fjörúkránni í Hafnarfirði

Eftir stutt stopp var haldið að Suðurstrandarvegi og eftir honum til vesturs í átt að Grindavík þar sem ekinn var hringur um bæinn og hafnarsvæðið. Frá Grindavík lá leiðin til Reykjanesbæjar þar sem hópsins beið ljúffengur hádegisverður í boði félagsins á Duus-húsi. Næsti viðkomustaður hópsins var Hljómahöllin í Reykjanesbæ, þar sem Rokksafn Íslands er til húsa, en það er nýlegt safn um sögu popp- og rokktonlistar á Íslandi frá árinu 1830 til dagsins í dag.

Úr rokkinu lá leiðin að Ásbrú, en svo kallast gamla varnarsvæðið á Keflavíkurflugvelli. Ekið var um svæðið, en mikil umbreyting hefur orðið á því eftir að bandaríski herinn yfirgaf varnarsvæði sitt eftir 60 ára veru þar og mikil vinna verið lögð í að umbreyta svæðinu til borgaralegra nota. Frá Ásbrú var ekið sem leið liggur eftir Reykjanesbrautinni að Hafnarfirði þar sem hópsins beið kaffi og meðlæti á Fjörúkránni. Þá var tími til kominn að halda heim á leið, enda höfðu margir áhuga á að ná heim í tæka tíð fyrir leik Íslands og Hollands í undankeppni Evrópumóts karla í fótbolta.

Ferðalagið þótti vel heppnað í alla staði, enda í boði væn blanda af áhugaverðum áfangastöðum, góðum mat og enn betri félagsskap. Vill félagið færa þeim félagsmönnum sem sáu sér fært að taka þátt í þessari ferð kærar þakkir fyrir góða samveru. Leiðsögumanni ferðarinnar, Birni Inga Finsen, og bílstjórunum Sigurbaldri og Sigurbirni eru einnig færðar bestu þakkir fyrir þeirra góða framlag. Þess má geta að leikurinn fór 0-1 fyrir Ísland!



Rokksafnið í Reykjanesbæ er afar áhugaverður viðkomustaður




Þetta líkan af Sigrúnu AK71 er að finna í Duus-húsi

Tveir hópar enn samningslausir

Á árinu sem nú er senn á enda hefur verið gengið frá fjölda nýrra kjarasamninga og sem stendur er tveimur kjarasamningum ólokið fyrir félagsmenn VLFA. Annars vegar eru það sjómenn, en þeir hafa verið samningslausir frá 1. janúar 2011 eða í tæp fimm ár og það þrátt fyrir ævintýrlega afkomu sjávarútvegsins allan þennan tíma. Nú hefur dregið til tíðinda og Sjómannasamband Íslands sem fer með samningsumboð VLFA við útvegsmenn hefur slitið viðræðum og verður kallað eftir afstöðu sjómanna um til hvaða aðgerða skuli grípa væntanlega á komandi ári.

Hins vegar á eftir að skrifa undir kjarasamning við Samband íslenskrasveitarfélaga vegna starfsmanna Akraneskaupstaðar, en sá samningur rann út 1. maí síðastliðinn. Samninganefnd VLFA sleit þeim samningaviðræðum 4. nóvember þegar viðsemjendur neituðu að skrifa undir kjarasamning sem þá lá tilbúinn á borðinu nema honum myndi fylgja rammisamkomulag milli aðila vinnumarkaðarins sem svokallaður SALEK-hópur undirritaði þann 27. október. Taldi samninganefndin sig ekki hafa lagalega heimild eða umboð til að skerða samningsrétt annarra launamanna á þann hátt sem SALEK-samkomulagið kveður á um og sleit viðræðum. VLFA höfðaði síðan mál fyrir Félagsdómi til að fá úr lögmati SALEK-samkomulagsins skorið. Nánar er fjallað um SALEK-málið á forsiðu.

Netkostnaður sjómanna



Félagsmenn í sjómannadeild VLFA hafa ítrekað haft samband við félagið vegna þess mikla kostnaðar sem þeir þurfa að greiða vegna netnotkunar á sjó. Formaður hefur fundað með forsvarsmönnum HB Granda og fulltrúum Radiómiðlunar vegna

þessa enda eru talsverðir hagsmunir í húfi þar sem jafnvel er um að ræða tugi þúsunda króna á mánuði.

Sú skýring hefur verið gefin á háum kostnaði að gervihnattasamband sé svona dýrt. Hinsvegar eru skipin iðulega í 3G-sambandi, en sjómennirnir greiða þó ekki lægra gjald þegar svo er. Sjómennirnir greiða 10 krónur fyrir hvert Mb, en í landi er hægt að fá hvert Mb fyrir rétt rúma 3 aura. Munurinn er því gríðarlegur og þessar vikurnar er verið að fara yfir þessi mál og fá skýringar á ýmsu. Það er ljóst að hægt er að ná fram verulegri hagræðingu og lækkun á þessari þjónustu til handa sjómönnum því eins og staðan er í dag er þessi kostnaður alltof hár. Hinsvegar ber öllum saman um að þessi þjónusta sé mikilvæg og skipti miklu máli fyrir sjómenn að geta verið í góðu sambandi við umheiminn þegar þeir gegna sínu mikilvæga starfi sem sjómennskan er, fjarri heimahögum.

Minning - Bjarnfríður Leósdóttir



Bjarnfríður Leósdóttir og Vilhjálmur Birgisson takast í hendur við Höfða í dagsferð eldri félagsmanna 2011

Á árinu féll frá mikil baráttukona og heiðursfélagi Verkalýðsfélags Akraness, Bjarnfríður Leósdóttir. Bjarnfríður var fædd árið 1924, sama ár og Verkalýðsfélag Akraness var stofnað og er saga þeirra beggja samofin á margan hátt. Bía, eins og hún var oft kölluð, gegndi í gegnum tíðina ýmsum trúnaðarstörfum fyrir Verkalýðsfélag Akraness og leysti hún þau ætíð vel af hendi. Hún var fyrst kjörin í aðalstjórn félagsins árið 1960 og sinnti þá starfi varagjaldkera. Hún lagði einnig mikið af mörkum til baráttu kvenna-deildarinnar en þar var hún fyrst kjörin í stjórn árið 1966. Það leikur enginn vafi á því að það starf sem

unnið var á þessum árum og áratugum skipti gríðarlega miklu máli og með því hafa náðst ýmis réttindi sem verkafólk býr að í dag. Eftir að formlegu starfi Bjarnfríðar lauk fyrir félagið var hún þó hvergi nærri hætt að taka þátt í starfsemi þess og mæta á viðburði. Hún lét sig aldrei vanta í kröfugönguna 1. maí og jafnframt mætti hún alltaf í árlega ferð sem félagið býður eldri félagsmönnum sínum í og naut þess vel að ferðast um landið í góðra vina hópi.

Stjórn og starfsfólk Verkalýðsfélags Akraness minnst Bíu með mikilli hlýju og þakklæti fyrir vel unnin störf hennar í þágu félagsins. Það er morgunljóst að kjör verkafólks væru á ýmsan hátt lakari en þau eru í dag ef hennar baráttuanda hefði ekki notið við.

Vissir þú að...

... allir geta haft áhrif í sínu stéttarfélagi? Fyrsta skrefið er oft að mæta á félagsfundi og láta í sér heyra. Einnig er kjörið að koma á aðalfund sinnar deildar þar sem stundum vantar fólk í stjórn eða trúnaðarráð.

Sérkjör og afslættir fyrir félagsmenn Verkalýðsfélags Akraness

Félagsskirteini Verkalýðsfélags Akraness gildir sem afsláttarkort hjá fjölda fyrirtækja og þjónustuaðila á Akranesi. Við hjá VLFA erum afar þakklát og ánægð með þetta góða samstarf sem hefur gengið frábærlega og hefur mikill fjöldi félagsmanna notið góðs af þeim sérkjörum sem samstarfsaðilarnir bjóða.

Samstarfsaðilar Verkalýðsfélags Akraness eru:

Apótek Vesturlands: 10% afsláttur af vörum í búð (ekki lyfjum eða af vörum sem þegar bera afslátt)

Ágústa Friðriksdóttir, ökukennari: 10% afsláttur af ökukennslu til félagsmanna og barna þeirra

Bifreiðaverkstæðið Brautin: 7% afsláttur af vinnu

Bílar og dekk: 10% afsláttur af dekkjum

Dekur snyrtistofa: 10% afsláttur af allri þjónustu og vörum

Gallerí Ozone: 10% afsláttur

Omnis: 15% afsláttur af skólavörum, skrifstofuvörum og bleki, 5% afsláttur af tölvum og öðrum vörum

Hótel Glymur: 20% afsláttur af pökkum og gjafabréfum

LH Bókhald: Lilja Halldórsdóttir viðurkenndur bókari, 15% afsláttur af vinnu við bókhald og skattframtalagerð

N1: Umtalsverður afsláttur á eldsneyti, vörum og þjónustu. Sækja þarf um sérstaklega, sjá nánar á www.vlfa.is

Olís: Umtalsverður afsláttur á eldsneyti, vörum og þjónustu. Sækja þarf um sérstaklega, sjá nánar á www.vlfa.is

Orkan: Umtalsverður afsláttur á eldsneyti, vörum og þjónustu. Sækja þarf um sérstaklega, sjá nánar á www.vlfa.is


MODEL: 5-10% afsláttur af ýmsum vörum

Rafþjónusta Sigurdórs: 5% afsláttur af vinnu og 10% afsláttur af efni

Sigurður Þór Elísson, ökukennari: 10% afsláttur af ökukennslu til félagsmanna og barna þeirra

Trésmiðjan Akur: 7% afsláttur af vinnu

Tryggingafélagið VÍS: 5% afsláttur af iðgjöldum óháð öðrum afsláttarkjörum sem félagsmenn kunna að hafa



Vissir þú að...

... allt vaktavinnufólk á rétt á vetrarfrí? Vetrarfrí er ekki aðeins fyrir vaktavinnufólk í stóriðju og hjá hinu opinbera, heldur á starfsfólk verslana, veitingahúsa, bensinstöðva og gististaða einnig rétt á vetrarfrí. Vetrarfrí getur verið allt að 12 dagar á ári og skal vetrarfrí veitt á tímabilinu 1. október til 1. maí.

Jónína Björg Magnúsdóttir

Rætt við textaskáldið, fiskvinnslukonuna og hvunndagshetjuna Nínu



Nína í upptökum

Árið 2015 hefur verið sérlega annasamt hjá Jónínu Björgu Magnúsdóttur, eða Nínu eins og hún er iðulega kölluð. Fyrir utan það að hafa orðið fimmtug í ágúst, eignast sitt sjöunda barnabarn í sumar og gefið út sinn fyrsta geisladisk nú fyrir jólin sló hún í gegn í vor með útgáfu lagsins Sveiattan, en í texta lagsins fólst hörð ádeila á framkomu fyrirtækja við starfsfólk sitt.

En hver er Nína? „Ég er yngst níu systkina og ætli ég sé ekki óþekktarangi og frekja frá blautu barnsbeini“, segir hún og hlær. „En ég hef kunnað að fara bærilega með það til þess að fá mínu fram og svo er gott að kunna að vera kurteis og þakklátur og gaman að gefa til baka. Í gegnum tíðina hef ég unnið fjölbreytt störf, vann í Ölveri sem unglingur og svo var ég flokkstjóri nokkur sumur. Þegar ég fluttist til Svíþjóðar vann ég með náminu á sambýli fyrir fjölfatlaða og eftir að við fluttum heim vann ég í Fjöliðjuni, Bjarnalaug, Grundaskóla og Brekkubæjarskóla og svo hef ég verið að þjálfa í keilunni með. Ég var búin að vera atvinnulaus í ár þegar dóttir mín benti mér á að sækja um hjá HB Granda af því þar vantaði fólk. Ég sendi inn umsókn að morgni og samdægurs var haft samband og mér boðið að koma og skoða staðinn af því ég gæti byrjað að vinna strax daginn eftir ef ég vildi. Ég hef unnið hjá HB Granda núna í rúm 5 ár og er voðalega þakklát fyrir þessa reynslu og það er mjög gaman í vinnunni enda stór vinnustaður og fjölbreytt starf. Ég hef líka mjög gaman að því að reyna að ganga í sem flest störf. Það er vont að festast í starfi við eitthvað færiband þar sem maður þarf alltaf að horfa niður og verður hálf sjóveikur, þá bara lætur maður færa sig.“

Um tilurð textans við lagið Sveiattan segir Nína: „Ég hef ekki haft bein afskipti af verkalýðsmálum fyrr en núna í vor. Þá var sett upp ný vatnsskurðarvél í vinnslusalnum hjá okkur og afköstin jukust um helming þar til met var slegið: 45 tonn af fiski sem á einum

degi var bóúð að hausa, vinna og pakka og varan klár til sölu og neyslu erlendis. Þrátt fyrir tvöföld afköst og að fólkið lagði á sig rosalega yfirvinnu alla daga viku eftir viku og mánuð eftir mánuð þá skeði ekki neitt. Þá fór einhver að spyrja: fáum við ekki eitthvað flott fyrir metið? Jú, það átti að bjóða okkur upp á ís. Og það var þessi frægi íspinni sem lagið er um. Maður ætlaði ekki að trúa þessu, en svo sagði ein samstarfskona við mig, getur þú ekki samið texta um þetta? Eftir hálf tíma var komin fyrsta vísan og innihaldið kom ósjálfrátt enda er maður vanur að svara fyrir sig. Eftir þetta fór boltinn að rúlla, trúnaðarmennirnir voru búnir að reyna í þrjú ár að fá bónusinn hækkaðan og þegar ég kem með þetta dónalega lag þá er hann hækkaður bara einn, tveir og þrír. Sorglegt að þetta þurfi að vera svona að taka þurfi til örþrifaráða. Fólk fór að hugsa um þetta, fá þau virkilega einn íspinna hjá fyrirtæki sem skapar milljarða í arð sem skiptist á nokkrar hendur. Arður



Sveiattan! flutt á Austurvelli fyrir framan þúsundir mótmælenda

þýðir að það er bóúð að borga allt viðhald og kaupa nýjar vélar og setja til hliðar peninga fyrir umbótum á mannvirkjum og öllu. Þetta er bara hreinn gróði og helm-ingurinn af hreina gróðanum skiptist á einhverjar fimm hendur eða hvað það var. En það þarf að virða við fólkið störfin, þau væru ekki að fá neinn arð ef fólkið væri ekki að vinna vinnuna sína.“

Það er ekki nýtt af nálinni að beita tónlist sem vopni í baráttu. Nína segir þetta hafa verið gert öldum saman: „Hirðfíflin voru í búningum með bjöllur og voru með fíflalæti því þá tóku kóngarnir ekki jafn mikið eftir ádeilunni sem í raun og veru var verið að færa fram. Og þegar svarta fólkið í Bandaríkjunum söng við vinnu sína þá þýddu textarnir þeirra allt annað en það sem hvíta fólkið túlkaði. Þannig að þegar bóúð er að fara í gegnum söguna og rýna í textana þá er þetta bara gamalt vopn sem verður notað áfram, ákveðinn tjáningarmáti. Og oft auðveldara að ná til fólks með tónlist en einhverjum ræðum. Þannig að ég er heppin að geta tjáð mig, þrjúsku mína, hneykslun og frekju á þennan hátt. Þetta bara kemur ósjálfrátt, þegar manni liggur eitthvað á brjósti þá brýst þetta svona fram.“

Hvað gerir félagið fyrir þig?



Félagssjóður:

- Gerð og túlkun kjarasamninga
- Lögfræðiráðgjöf
- Innheimta vangreiddra launa
- Aðstoð við varðveislu áunninna réttinda



Sjúkrasjóður:

- Sjúkradagpeningar
- Heilsueflingarstyrkur
- Heyrnartækjastyrkur
- Styrkur vegna heilsufarsskoðana
- Styrkur vegna glasa-, tæknifrjógvunar eða ættleiðingar
- Fæðingarstyrkur
- Styrkur vegna meðferðar hjá sálfræðingum
- Gleraugnastyrkur
- Styrkur vegna göngugreiningar og innleggjakaupa
- Dánarbætur



Orlofssjóður:

- Orlofshús, sumar- og vetrarleiga
- veiði- og Útilegukort með 50% afslætti
- Ódýrari gisting á Fosshótelum og Edduhótelum
- Frír aðgangur að tjaldsvæðinu í Svínadal og veiði í vötnunum þremur
- Ferð í boði félagsins fyrir eldri félagsmenn
- Ódýrari ferðir í Hvalfjarðargöng og með Herjólfu



Vinnudeilusjóður:

- Styrkir í verkföllum eða verkbönnum



Fræðslusjóður:

- Styrkir vegna náms sem eykur möguleika á vinnumarkaði 75% af kostnaði upp að kr. 70.000, af þeirri upphæð má nota kr. 20.000 vegna tómstundanáms
- Meirapróf er styrkt um kr. 100.000

*Óskum félagsmönnum
Verkalýðsfélags Akraness
gleðilegra jóla og farsæls nýs árs*

- BLIKKSMÍÐJA •
GUÐMUNDAR
- CLASSIC •
- EFLING STÉTTARFÉLAG •
- FAXAFLÓAHAFNIR •
- GAMLA KAUPFÉLAGIÐ •
- GÁMAÞJÓNUSTA •
VESTURLANDS
- OMNIS •
- RAMMAR OG MYNDIR •
- SJÓMANNASAMBAND •
ÍSLANDS
- SKAGAVERK •
- ÚTILEGUKORTIÐ •



Sjómenn athugið!

Aðalfundur Sjómannadeildar Verkalýðsfélags Akraness verður haldinn þriðjudaginn 29. desember nk. kl. 14:00 í fundarsal félagsins að Sunnubraut 13.

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Staða kjaramála
3. Önnur mál

Sjómenn eru eindregið hvattir til að mæta. Kaffiveitingar í boði.

Silicor á Grundartanga



*Davíð Stefánsson,
ráðgjafi Silicor á Íslandi*

Nú er orðið ljóst að sólar kísilverksmiðja Silicor mun að öllum líkindum rísa á Grundartanga á næstu misserum. Það er margt sem fylgir slíkum framkvæmdum og það var því vel við hæfi að setjast niður með Davíð Stefánssyni, ráðgjafa Silicor á Íslandi, og fá upplýsingar um ýmislegt sem tengist þessu stóra verkefni.

Við spurðum Davíð fyrst um helstu tölulegu upplýsingar varðandi framkvæmdir og starfsmannafjölda. „Áætlað er að framkvæmdir hefjist á næsta ári. Þar sem umsvifin verða talsverð og margar hendur þarf til að gera verksmiðjuna að veruleika er óhætt að reikna með jákvæðum áhrifum á hagkerfið í heild sinni. Byggingaraðilinn áætla til dæmis að um 300 manns muni starfa við þær framkvæmdir og aðilinn sem framleiðir tækjabúnað verksmiðjunnar telur að mest muni 350 manns starfa við uppsetningu tækja. Þegar rekstur verksmiðjunnar sjálfrar er kominn af stað er áætlaður starfsmannafjöldi 450 manns þar sem þriðjungur starfa krefst háskólamenntunar.“ Af þessu má sjá að fjölmörg störf munu skapast og verður fjölbreytni þeirra þónokkur. Að því sögðu er mikilvægt að velta því fyrir sér hvernig forsvarsmenn fyrirtækisins sjá fyrir sér kjarasamninga og vaktafyrirkomulag starfsmanna. Davíð segir að mjög mikilvægt sé að unnið sé að þeim málefnum í góðu samstarfi við verkálýðshreyfinguna: „Frá upphafi hefur verið lögð áhersla á að vinna þetta verkefni í samstarfi við verkálýðshreyfinguna. Ekki hefur enn verið ákveðið með kjarasamningagerð en eðlilegt er að taka mið af því fyrirkomulagi sem best hefur gengið á Grundartangasvæðinu.“

Framkvæmdir af þessari stærðargráðu taka skiljanlega þó nokkurn tíma en hvenær er reiknað með því að rekstur verksmiðjunnar geti hafist? „Fyrstu starfsmennirnir verða ráðnir á næsta ári“ segir Davíð og bætir við: „Bygging verksmiðjunnar mun taka 24 mánuði frá því að verklegar framkvæmdir hefjast. Síðan er gert ráð fyrir 12 mánaða tímabili þar sem tæki eru prófuð og stillt af fyrir fullan rekstur. Það er miðað við að rekstur verksmiðjunnar hefjist árið 2018 og hún nái fullum afköstum á árinu 2019.“ Tímamörkin eru augljóslega

nokkuð skýr en áætluð koma verksmiðjunnar hefur ekki gengið alveg áfallalaust fyrir sig þar sem að mörgu þarf að huga hvað varðar leyfi, samninga og skipulag. En eins og staðan er núna, ætli eitthvað geti komið í veg fyrir að sólar kísilverksmiðjan rísi? Davíð vill hafa bjartsýnina að leiðarljósi en nefnir þó að ákveðin atriði gætu haft einhver áhrif. „Verkefni af þessari stærðargráðu eru langhlaup. Auðvitað kunna að verða ljón á veginum en flest bendir til þess að þessar áætlanir gangi eftir. Hópur hagsmunaaðila í Kjósarhreppi hefur stefnt Skipulagsstofnun vegna ákvörðunar um að framkvæmdin sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum en mat lögmanna Silicor er að stefnan byggji á veikum grunni enda hefur lögum og reglum verið fylgt. Að öðru leyti hefur allt gengið vel. Búið er að undirrita samninga við vélaframleiðanda og byggingarfyrirtækið sem og orkusamninga við Orku Náttúrunnar og Landsvirkjun. Þá eru samningar um lóðarleigu og hafnaraðstöðu klárir og fjármögnun hefur gengið vel.“




Terry Jester, forstjóri Silicor og Gísli Gíslason, hafnarstjóri Faxaflóahafna

Umhverfisáhrif eru þáttur sem mikið hefur verið fjallað um í tengslum við stóriðjur á Íslandi. Hverjar eru helstu staðreyndir varðandi verksmiðjuna í þeim efnum? „Sólar kísilverið mun losa um 48 tonn af koltvísýringi á ári en til samanburðar losar dæmigerður heimilisbíll á Íslandi á bilinu 1 til 2 tonn á ári.“ segir Davíð. „Fyrirtækið hefur einnig gert samning við Kolvið, sjóð sem stofnaður var af Landvernd og Skógræktarfélagi Íslands um að árlega verði plantað 26 þúsund trjám til að vega á móti allri losun koltvísýrings frá starfseminni. Framleiðsluferli sitt hefur Silicor þróað lengi og er það umhverfisvænna en eldri aðferðir. Áætlað er að árleg framleiðsla verksmiðjunnar geti tryggt 800 þúsund heimilum rafmagn.“ Davíð tekur að lokum fram að þeir sem að sólar kísilverinu standa séu stoltir af því hversu umhverfisvænt það mun verða og segir þau ganga til þessa mikla verkefnis með bjartsýnina að vopni og sól í sinni.

Við óskum félagsmönnum
Verkalýðsfélags Akraness
gleðilegra jóla!



VIGNIR G. JÓNSSON HF



NORÐURÁL
Century ALUMINUM



APÓTEK
VESTURLANDS



rafþjónusta
sigurdórs ehf



Verslunin Einar Ólafsson



Íslandsbanki



FESTA
LÍFEYRISSJÓÐUR



Akraborg



norðanfiskur

Gæður kastur - á hvers manns disk!

VEIÐIKORTIÐ



2016



GALITO
RESTAURANT



Trésmiðjan AKUR ehf.



Gleðilega hátíð

JONNA LEMMINGS, HELGA

Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000

